Mat þátttakenda á árangri Tækifærisins

Niðurstöður könnunar á ánægju og upplifun þátttakenda á námskeiði Tækifærisins janúar og febrúar 2026

Ábyrgðarmaður könnunar: Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, dr., margrei@hi.is

Reykjavík, mars 2026

Formáli

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður á mati á árangri af 6 vikna námskeiði Tækifærisins um íslenskan vinnumarkað og íslenskt samfélag sem og persónulegar hindranir þátttakenda sem haldið var frá 12. janúar – 19. febrúar 2026 ásamt eftirfylgd fram í mars. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Vinnumálastofnun sem bauð fólki á aldrinum 18 – 29 ára sem voru atvinnuleitendur. Einn þátttakandi var 39 ára sem var undantekning. 13 þátttakendur hófu þátttöku og kláruðu allir námskeiðið sem má þakka það að nú í fyrsta sinn gerði Vinnumálastofnun skyldumætingu að skilyrði. Í lok námskeiðsins og eftir að því lauk voru þátttakendur aðstoðaðir í atvinnuleit og við atvinnutengingu.

Strax að námskeiði loknu var þátttakendum sendur spurningalisti í netpósti og þeim gefin ein vika til að svara. Svörun var ítrekuð tvisvar. Af 13 þátttakendum svöruðu 10 spurningalistanum og gerir það 77% svörun.

Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum verður aftur haft samband við þátttakendur og kannað hvort þeir hafi fengið launaða vinnu og hvort þeir séu enn í þeirri vinnu. Þá færst endanlegra mat á árangi námskeiðsins. (Í þeirri skýrslu verður bætt við eitt svar sem barst eftir að tölfræði var unnin. Svör reyndust vera 11 eða 84%).

Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, dr., sá um framkvæmd matsins og ber faglega ábyrgð á því.

Samantekt:

Matið sýnir að svarendur voru mjög ánægðir með námskeið Tækifærisins. Þannig voru þeir voru einróma um að námskeiðið hafi verið gott eða mjög gott þegar þeir voru beðnir um að meta það í heild sinni og voru almennt ánægðir með starfsfólkið og töldu það hafa verið mjög eða einstaklega styðjandi. Eins voru þeir almennt ánægðir eða mjög ánægðir með gagnsemi þeirrar fræðslu, ráðgjafar og stuðnings til að takast á við áskoranir sem boðið var upp á á námskeiðinu, hvort sem um var að ræða fræðslu um íslenskt samfélag og íslenskan vinnumarkað eða ráðgjöf og stuðning við að takast á við persónulegar áskoranir.

Það eina neikvæða sem kom fram í matinu eru vonbrigði tveggja svarenda með að þeir hafi ekki fengið vinnu meðan á námskeiðinu stóð. Það var hins vegar ekki markmið námskeiðsins heldur að starfsfólk Tækifærisins veiti þátttakendum stuðning við atvinnuleit vikurnar eftir að námskeiði líkur. Þessi könnun var lögð fyrir strax að námskeiðinu loknu. Endanlegra mat á námskeiðinu fæst þegar þrír mánuðir verða liðnir frá því að því lauk. Þá verður aftur haft samband við þátttakendur og kannað hvort þeir hafi fengið launaða vinnu og hvort þeir séu enn í þeirri vinnu.

Niðurstöðunum verður að taka með þeim fyrirvara að 3 af 10 þátttakendum á námskeiðinu svöruðu ekki matskönnuninni.

Aðferðir

Matið byggir á spurningalista sem rannsakandi og framkvæmdarstjóri Tækifærisins sömdu í sameiningu. Spurningarlistinn samanstendur af níu spurningum, sjö lokuðum og tveimur opnum. Í lokuðum spurningum gátu svarendur valið um nokkra svarmöguleika en í þeim opnu voru þeir beðnir að svara með eigin orðalagi.

Allar spurningarnar eru frumsamdar og eiga sér því ekki fyrirmyndir í mati á öðrum úrræðum. Kosturinn við slíkar frumsamdar spurningar er að þær ná auðveldlega að fanga það fyrirbæri sem verið er að mæla en ókosturinn er sá að ekki er hægt að bera niðurstöðurnar saman við mælingar á árangri annarra sambærilegra úrræða (Fowler, 2009). Ástæðan fyrir því að matið byggir alfarið á frumsömdum spurningum er sú að rannsakanda er ekki kunnugt um að sambærilegt mat hafi farið fram á öðrum sambærilegum námskeiðum sem hægt væri að bera Tækifærið saman við.

Þeir sem luku námskeiðinu voru á aldrinum 20 – 39 ára, allt karlmenn. Enska er þeim flestum tamari en íslenska og spurningarlistinn því á ensku. Samtals 10 af 13 þátttakendum svöruðu spurningalistanum, eða 77%.

Við lestur niðurstaðnanna verður að hafa í huga að 23%, eða tæplega fjórðungur, þátttakenda svaraði ekki spurningalistanum. Eins þarf að hafa í huga að niðurstöðurnar byggja á huglægu mati þátttakenda en ekki á hlutlægu mati sérfræðinga á árangri úrræðisins. Í öllu starfi með fólki og mati á þjónustu við það er æ meiri áhersla lögð á slíkt huglægt mat og um leið á að þjónustan sé í samræmi við þarfir og óskir skjólstæðinga/þátttakenda (Braun og Clark, 2013).

Í öllum lokuðu spurningunum var notast við fimmgildan kvarða þar sem 1 = lægsta gildi og 5 = hæsta gildi. Meðaltöl voru reiknuð út til að greina þau gögn þar sem 1,0 gefur lægsta mögulega gildi en 5,0 hæsta mögulega gildi (Fowler, 2009). Þemagreining var notuð til að greina svörin við opnu spurningunum (Braun og Clark, 2013).

Niðurstöður

Heildarmat á Tækifærinu

Þátttakendur voru beðnir um að leggja heildarmat á Tækifærið á fimmgildum kvarða:

- 1= very poor,
- 2 = poor,
- 3 = neither good nor poor,
- 4 = good,
- 5 = very good.

Niðurstöður matsins eru birtar í töflu 1.

Tafla 1. Heildarmat á Tækifærinu

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á Tækifærinu	10	4,6	5	4-5

Tafla 1 sýnir að þegar þátttakendur voru beðnir að meta Tækifærið heildstætt gáfu þeir því meðaleinkunnina 4,6 sem er ágætiseinkunn. Sex af tíu svarendum gáfu námskeiðinu hæstu einkunn og sögðu það vera mjög gott en fjórir gáfu því næst hæstu einkunn og töldu úrræðið vera gott. Enginn gaf því hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Hversu styðjandi var starfsfólk Tækifærisins?

Spurt var um hversu styðjandi starfsfólk Tækifærisins hefði verið á kvarðanum:

- 1 = not at all supportive,
- 2 = not so supportive,
- 3 = somewhat supportive,
- 4 = very supportive,
- 5 = extremely supportive.

Niðurstöðurnar birtast í töflu 4.

Tafla 2. Hversu styðjandi var starfsfólk Tækifærisins?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á stuðningi frá starfsfólki	10	4,6	5	3-5

Að meðaltali gáfu þátttakendur starfsfólki Tækifærisins einkunnina 4,6 af fimm mögulegum, eða ágætiseinkunn, þegar þeir voru spurðir hversu styðjandi starfsfólkið var eins og tafla 4 sýnir. Með öðrum orðum þá eru þátttakendur ánægðir með starfsfólkið og telja það hafa verið mjög til einstaklega styðjandi. Enginn gaf starfsfólkinu neikvæða einkunn fyrir það hversu styðjandi það var en einn gaf því hlutlausa einkunn.

Hjálpuðu fræðslan og ráðgjöfin sem veitt var á námskeiðinu við að takast á við aðstæður þínar?

Þátttakendur voru beðnir að meta á eftirfarandi skala hvort sú fræðsla og ráðgjöf sem veitt var á námskeiðinu hefði hjálpað þeim við að takast á við aðstæður þeirra:

- 1= not at all,
- 2 = rather little,
- 3 = neiter nor,
- 4 = To some extent,
- 5 = very much.

Niðurstöður má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Gagnsemi fræðslu og ráðgjafar sem veitt var við að takast á við persónulegar áskoranir

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á fræðslu og ráðgjöf við að takast á við persónulegar áskoranir	10	4,1	4	3-5

Tafla 3 sýnir að þegar þátttakendur voru beðnir að meta gagnsemi þeirrar fræðslu og ráðgjafar sem veitt var til að takast á við persónulegar áskoranir þeirra gáfu þeir meðaleinkunnina 4,1 af fimm mögulegum. Fjórir af tíu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu þessa þætti hafa komið að mjög miklu gagni og aðrir þrír sögðu þá hafa komið að miklu gagni. Þrír þátttakendur gáfu fræðslunni og ráðgjöfinni til að takast á við persónulegar aðstæður síðan hlutlausa einkunn en enginn gaf henni neikvæða einkunn.

Gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag og um íslenskan vinnumarkað

Þátttakendur voru beðnir að meta sérstaklega gagnsemi fræðslunnar um annars vegar íslenskt samfélag og hins vegar um íslenskan vinnumarkað. Spurningarnar tvær voru metnar á eftirfarandi skala:

- 1= not at all helpful,
- 2 = not so helpful,
- 3 = somewhat helpful,
- 4 = very helpful,
- 5 = extremely helpful.

Niðurstöðurnar eru birtar í töflum 3 og 4.

Tafla 4. Gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag	10	4,5	4,5	4-5

Tafla 4 sýnir að þátttakendur gáfu gagnsemi fræðslunnar um íslenskt samfélag meðaleinkunnina 4,5 af fimm mögulegum, eða ágætiseinkunn. Fimm af tíu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu fræðsluna hafa komið af mjög miklu gagni og aðrir fimm sögðu hana hafa komið að miklu gagni. Enginn gaf fræðslunni um íslenskt samfélag hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Tafla 5. Gagnsemi fræðslu um íslenskan vinnumarkað

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á gagnsemi fræðslu um íslenskt samfélag	10	4,6	5	4-5

Tafla 5 sýnir að þátttakendur gáfu gagnsemi fræðslunnar um íslenskan vinnumarkað meðaleinkunnina 4,6 af fimm mögulegum, eða ágætiseinkunn. Sex af tíu svarendum gáfu hæstu einkunn og sögðu fræðsluna hafa komið að mjög miklu gagni og fjórir að hún hefði komið að miklu gagni. Enginn gaf fræðslunni um íslenskan vinnumarkað hlutlausa eða neikvæða einkunn.

Var hæfilega mikil útivist?

Spurt var um hvort þátttakendur voru sáttir við það umfang útivistar sem boðið var upp á á námskeiðinu eða hvort þeir hefðu viljað meiri eða minni útivist. Umfangið var metið á kvarðanum:

- 1= much less,
- 2 = a bit less,
- 3 = about same,
- 4 =a bit more,
- 5 = much more.

Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 5 og töflu 6.

Tafla 6. Var hæfilega mikil útivist á námskeiðinu?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á umfangi útivistar	10	3,7	3	3-5

Tafla 6 sýnir sýnir að meðaltal svaranna við spurningunni um hvort útivistinn sem boðið var upp á hafi verið hæfilega mikil er 3,7. Að jafnaði töldu svarendur því að þeir hefðu viljað að boðið vari upp á nokkuð meiri útivist. Enginn svaraði því til að umfang útivistarinnar hefði átt að vera nokkuð minna eða mikið minna.

Tafla 7. Hvernig metur þú Friðarhúsið sem stað fyrir námskeiðið?

	N	Meðaltal	Miðgildi	Spönn
Matsgjöf á hentugleika Friðarhússins	10	4,2	4	2-5

Tafla 7 sýnir að svarendur gáfu Friðarhúsinu 4,2 af fimm mögulegum þegar þeir voru spurðir um hentugleika þess. Að jafnaði mátu svarendur því að Friðarhúsið væri góður staður fyrir námskeiðið. Einn þátttakandi taldi að Friðarhúsið væri slæmur staður fyrir námskeiðið en hinir níu að það væri góður eða mjög góður staður.

Hvernig líkaði þátttakendum við námskeiðið? – Niðurstöður úr opinni spurningu

Þátttakendur voru beðnir að svara með eigin orðum hvað þeim líkaði og/eða líkaði ekki við námskeiðið. Í lok könnunarinnar voru þeir að auki spurðir um hvort það væri eitthvað annað sem þeir vildu koma á framfæri í könnuninni. Svörin úr þessum tveimur spurningum voru greind í einu lagi. Flest svaranna eru samhljóða tölulega matinu um að í heildina hafi námskeiðið verið gott eða mjög gott. Nokkur fóru mjög lofsamlegum orðum um starfið, svo sem:

> *Af öllum þeim námskeiðum á vegum Vinnumálastofnunar sem ég hef tekið þátt í er þetta það fyrsta sem mér finnst virkilega hjálplegt af því að fókusinn er á allt það sem atvinnulausir innflytjendur þurfa að kljást við. Ég heillaðist af þessu óvenjulega sjónarhorni námskeiðsins, við töluðum um alls konar mikilvæg mál, andlega líðan, þunglyndi, kvíða, hættuna á að atvinnulausir hætti að hreyfa sig – ekki bara um að skrifa ferilskrá. Kennararnir voru hjálplegir, höfðu góða innsýn inn í það sem þau voru að tala um. Einstök reynsla og fyrsta námskeiðið þar sem ég virkilega lærði eitthvað og naut þess.*

> *Björk er einstök, það er greinilegt að henni stendur ekki á sama um okkur og er tilbúin til að leggja mikið á sig til þess að tryggja að okkur gangi öllum vel. Ég get ekki þakkað henni nógsamlega.*

Það eina neikvæða sem kemur fram í svörunum eru vonbrigði tveggja svarenda með að námskeið Tækifærisins hafi ekki veitt þeim það tækifæri á vinnumarkaði sem nafn þess feli í sér. Þátttakendurnir tveir gerðu sér greinilega vonir um að þeir fengju vinnu strax í kjölfar námskeiðsins.

Hér verið að hafa í huga að könnunin var lögð fyrir strax að loknu námskeiðinu en starfsfólk Tækifærisins mun halda utan um hópinn og aðstoða þátttakendur í atvinnuleit. Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá því að námskeiðinu lauk mun aftur vera haft samband við þátttakendur og kannað hvernig hefur gengið að fá vinnu. Þá kemur raunverulega í ljós hvort Tækifærið hafi staðið undir nafni þegar kemur að því að gefa þátttakendum tækifæri á vinnumarkaði.

Samantekt

Í heildina voru svarendur mjög ánægðir með námskeið Tækifærisins og kemur ánægjan hvorutveggja fram í tölulega matinu og í svörum við opnu spurningunum. Þeir voru einróma um að námskeiðið hafi verið gott eða mjög gott þegar þeir voru beðnir um að meta það í heild sinni, þeir voru almennt ánægðir með starfsfólkið og töldu það hafa verið mjög eða einstaklega styðjandi. Eins voru þeir almennt ánægðir eða mjög ánægðir með gagnsemi þeirrar fræðslu, ráðgjafar og stuðnings til að takast á við áskoranir sem boðið var upp á á námskeiðinu, hvort sem um var að ræða fræðslu um íslenskt samfélag og íslenskan vinnumarkað eða ráðgjöf og stuðning við að takast á við persónulegar áskoranir. Þessi orð eins þátttakenda fanga niðurstöður matsins vel:

> *Ég var stórhrifin! Það veitti mér innblástur og var uppfræðandi og lét mér svona pínulítið finnast ég tilheyra þessu landi.*

Það eina neikvæða sem kom fram í matinu eru vonbrigði tveggja svarenda með að þeir hafi ekki fengið vinnu meðan á námskeiðinu stóð eða strax að því loknu. Hér verður að hafa í huga að markmið námskeiðsins var ekki að finna vinnu fyrir þátttakendur á meðan á námskeiðinu stóð. Hins vegar mun starfsfólk Tækifærisins veita þátttakendum stuðning við atvinnuleit vikurnar eftir að námskeiðið.

Þessi könnun var lögð fyrir strax að námskeiðinu loku. Þegar þrír mánuðir verða liðnir frá námskeiðslokum verður aftur haft samband við þátttakendur og kannað hvort þeir hafi fengið launaða vinnu og hvort þeir séu enn í þeirri vinnu. Þá færst endanlegt mat á árangi námskeiðsins.

Að lokum, niðurstöðunum verður að taka með þeim fyrirvara að 3 af 10 þátttakendum á námskeiðinu svöruðu ekki matskönnuninni. Engu að síður staðfesta niðurstöðurnar að meirihluti þátttakenda námskeiðsins telja að námskeiðið hafi í heild sinni verið gott eða mjög gott.

Heimildir:

Braun, V. og Clark, V. (2013). *Successful qualitative research, a practical guide for beginners*. London: Sage.

Fowler, J., Floyd J. (2009). *Survey Research Methods 4th Edition*. Los Angeles, London, New Delhi, Singapore, Washington DC: SAGE publications.